

LÖG

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, lög nr. 44 11. maí 1982, lög nr. 55 30. maí 1984 og lög nr. 52 7. maí 1986, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Framlagi til Útflutningsráðs Íslands skv. 4. tölul. 9. gr. laga þessara.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna orðist svo:

^{2/7} hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tölul. 5. gr. laganna, og skal þeim hlut ráðstafað óskiptum til Útflutningsráðs Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um Kjaradóm.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Félagsmálaráðherra skipar einn dóm-
anda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.